


OECD *Multilingual Summaries*

Education at a Glance 2015

OECD Indicators

Summary in Icelandic



Read the full book on: 10.1787/eag-2015-en

Menntun í hnotskurn 2015

Hagvísar OECD

Útdráttur á íslensku

Á vinnumarkaði og í lífinu er menntun fyrirhafnarinnar virði...

Að meðaltali eru 80% fólks með háskólamenntun í starfi, samanborið við rúmlega 70% fólks með framhaldsskólamenntun eða viðbótarmenntun við framhaldsskólastig en innan við 60% fólks sem ekki er með framhaldsskólamenntun. Háskólamenntað fólk á fullorðinsaldri hefur einnig um 60% hærrí tekjur að meðaltali en fólk sem hæst hefur náð framhaldsskólamenntun. Almennt séð aukast atvinnustig og laun eftir því sem menntastig og hæfni aukast á fullorðinsaldri en á vinnumarkaði er enn litið á prófskírteini eða prófgráðu sem aðalvísibendinguna um hæfni starfsfólks.

Eflaust er það með þetta forskot í huga sem vaxandi fjöldi ungmenna í löndum OECD sækir í háskólanám. Að meðaltali í löndum OECD og á þeim svæðum sem þátt tóku í könnun OECD á færni fullorðinna (PIAAC) á árinu 2012 höfðu 22% fólks á aldrinum 25-34 ára sem ekki voru í námi – og í Kóreu voru 47% í þessum hópi – lokið háskólanámi þótt foreldrar þess hefðu ekki lokið slíku námi. Þetta „háskólamenntaða fólk af fyrstu kynslóð“ og háskólamenntað fólk sem átti háskólamenntaða foreldra deila svipuðu atvinnustigu og sækja í svipaðar atvinnugreinar. Þetta bendir til þess að það að vera fyrstur í fjölskyldu til að ljúka háskólanámi sé enginn ókostur.

Gögn sýna einnig að þótt nýnemar á B.A. stigi séu mun fleiri en nýnemar á meistarastigi eða doktorsstigi eru fleiri tækifæri á vinnumarkaði – og hærrí tekjur – í boði fyrir fullorðna með meistaragráðu en þá sem eru með B.A. gráðu. Fullorðið fólk með B.A. gráðu þénar um 60% meira en fólk í vinnu með framhaldsskólamenntun, en þeir sem eru með meistaragráðu, doktorsgráðu eða sambærilegt þéna meira en tvisvar sinnum meira.

En ávinningurinn af menntun er ekki aðeins fjárhagslegur. Fullorðnir með æðri menntun eru líklegri til þess að greina frá því að þeir séu við góða heilsu, að þeir taki þátt í sjálfbóðaliðastarfi, að þeir treysti öðrum og að þeir telji að þeir hafi áhrif á stjórnmal. Með öðrum orðum eru fullorðnir með æðri menntun líklegri til þess að vera virkir þátttakendur í því sem er að gerast í kringum þá.

...en ójafnræði er þrálátt

Þótt kynjamunur í menntun fari minnkandi – og hafi jafnvel snúist við – eru konur enn færri í sumum greinum menntunar, svo sem vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði. Ungar konur eru einnig ólíklegri til þess að vera í atvinnu en ungir karlar, þótt kynjamunurinn í atvinnu sé mun minni meðal ungmenna með háskólapróf en meðal þeirra sem skemmra hafa náð í námi.

Gögn gefa einnig til kynna að eigin árangur í menntun hefur mestu áhrifin á tekjur. Fullorðnir með háskólamenntun eru 23 prósentustigum líklegri til þess að vera meðal 25% hæstlaunaða fullorðna fólksins (m.v. mánaðartekjur) í samanburði við fullorðna sem hæst hafa náð framhaldsskólastigi eða viðbótarmenntun við framhaldsskólastig utan háskóla.

Frá 2010 til 2012 drógust útgjöld til menntamála saman í mörgum löndum OECD

Menntamál urðu fyrir síðbúnum áhrifum af heimskreppunni 2008. Milli 2010 og 2012, þegar landsframleiðsla tók að aukast eftir hnignunina, drógust opinber útgjöld til menntastofnana saman í meira en einu af hverjum þremur löndum OECD.

Efnahagslega niðursveiflan árið 2008 hafði einnig bein áhrif á launakjör kennara á grunn- og framhaldsskólastigi. Á árunum eftir kreppuna, jafnvel þótt sum lönd væru þegar á batavegi, voru laun kennara fryst eða skorin niður, þannig að fjöldi landa þar sem laun hækkuðu að raungildi milli 2008 og 2013 minnkaði í um það bil helming landa OECD. Þessi þróun varð síst til þess að minnka hið verulega bil sem er milli kennara og annars starfsfólks með svipaða menntun. Að meðaltali í löndum OECD þéna kennarar á forskólaaldri og leikskólaaldri 78% af tekjum annars fólks með sambærilega menntun, fólk í fullu starfi sem kennarar á neðra framhaldsskólastigi þéna 80% og fólk á efra framhaldsskólastigi þéna 82% af þeirri viðmiðum. Þessi ósamkeppnisfæru laun gera það þeim mun erfiðara að laða besta fólk til kennarastarfa.

Niðurskurður getur líka ógnað starfsþróun meðal kennara. Gögn úr PISA könnunum sýna að þrátt fyrir vaxandi fjárfestingu í upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir skóla eru kennarar ekki að nýta þessa tækni með kerfisbundnum hætti. Raunar hafa kennarar sem tóku þátt í alþjóðlegri könnun OECD á kennslu og námi (TALIS) greint frá því að eitt af þeim sviðum þar sem mest er þörf á starfsþróun sé einmitt upplýsinga- og fjarskiptatækni sviðið.

Aðrar niðurstöður

- Á árinu 2012 var í löndum OECD varið að meðaltali 5,3% af landsframleiðslu til menntastofnana frá grunnskólastigi til háskólastigs; í 11 löndum sem upplýsingar eru til um var varið meira en 6% af landsframleiðslu.
- Menntun er að mestu leyti fjármögnuð með opinberum framlögum en stofnanir á háskólastigi fá hæsta hlutfall fjármögnunar frá einkaaðilum. Milli 2000 og 2012 dróst hlutfeld opinberra fjárframlaga til háskólastofnana saman úr 69% árið 2000 í 64% árið 2012.
- Menntun á barnsaldri er sérlega gagnleg fyrir nemendur sem eru afkomendur innflytjenda.
- Í öllum löndum og efnahagskerfum sem þátt tóku í alþjóðlegu mati OECD á færni nemenda (PISA) á árinu 2012 var kynjamunurinn í læsi minni í rafrænu læsi en læsi á prentað mál. Stúlkur standa piltum framar í rafrænum lestri um að meðaltali 26 stig, samanborið við 38 stig í læsi á prentað mál – sem jafngildir nærri eins árs námi.
- Um 77% fullorðinna með starfsmenntun á efra framhaldsskólastigi eða menntun á háskólastigi utan háskóla eru í starfi – það er 7 prósentustigum hærra hlutfall en meðal fullorðinna með almenna menntun á framhaldsskólastigi sem hæsta menntstig.
- Einn af hverjum fimm á aldrinum 20-24ra ára er hvorki í vinnu, skóla né starfsþjálfun.
- Um 57% fullorðinna með góða færni á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni og þrautalausna taka þátt í formlegri eða óformlegri menntun sem kostuð er af atvinnurekendum, en aðeins 9% fullorðinna sem ekki kunna á tölvu og skortir hæfni á sviði þrautalausna taka þátt í slíkum áætlunum.
- Fylgni er milli fjölmennari bekkja og minni tíma sem varið er til kennslu og náms og meiri tíma sem varið er til þess að halda aga í skólastofnunni. Ef einum nemanda er bætt við bekk að meðalstærð svarar það til 0,5 prósentustiga minnkun á tímanum sem varið er til kennslu og náms.
- Kennarastéttin í öllum löndum OECD er að eldast: á árinu 2013 voru 36% kennara á framhaldsskólastigi a.m.k. um fimmtugt. Þetta hlutfall jókst um 3 prósentustig frá 2005 til 2013 að meðaltali í löndum þar sem sambærileg gögn lágu fyrir.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2015), *Education at a Glance 2015: OECD Indicators*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/eag-2015-en